

## Ársskýrsla 1994.

Mikið starf var hjá Bygðasafni Suðurnesja á árinu 1994, þrátt fyrir að forstöðumaður hafi aðeins sinnt því í hálfu starfi eins og öll undanfarin ár þar til í september, að breyting varð á öllum rekstri vegna sameiningar sveitarfélaganna þriggja í eitt, og hefur hann unnið í fullu starfi við safnið síðan.

En þess ber að geta að lítil grundvallarbreyting varð á yfirstjórn safnsins, þar sem það hefur ávallt verið rekið af tveim sveitarfélögum Keflavík og Njarðvík, þannig að Hafnir bætast nú við. Og þar sem áður voru tvær 5 manna nefndir sem kusu sér þriggja manna framkvæmdarstjórn, er nú tilnefnd ein fimm manna nefnd.

Safnið hefur verið opið almenningi til sýnis alla sunnudaga frá kl. 13.30 til 17.00, auk þess sem það var haft opið á fjölskyldudaginn 15. maí, en þann dag komu 99 gestir á safnið, og að venju var það einnig haft opið á 17. júní, alla þessa daga undir leiðsögn Skúla Magnússonar.

Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Í þetta sinn var það dagana 25. apríl til 4. maí. Þá má nefna hópa nemenda úr Holtaskóla og Fjölbautarskólanum, og úr Þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað.

Auk hins venjulega reksturs, þ.e. að ganga frá munum, myndum og filmum til sýningar eða varanlegrar geymslu og skráningu þeirra, hefur safnið sett upp þrjár sérsýningar í hinum nýju húsakynnum Bókasafns Keflavíkur að Hafnargötu 67, en þær voru:

1. 29. janúar til 12. febrúar. Sýning í tilefni 90 ára afmælis Barnastúkunnar Nýjástjórnunar í Keflavík. Þar var rakin saga upphafs Góðtemplarastarfsins í Keflavík og saga barna og unglíngastarfs hennar fram á þennan dag.
2. 15. júní til 15. júlí. Sýning er sýndi 17. júní hátíðarhöldin í Keflavík í 49 ár, þ.e. 1945 til 1993.
3. 15. október til 20. nóvember. Sýning er sýndi sögu Kvenfélags Keflavíkur í 50 ár, 1944 til 1994.

Allar þessar sýningar hafa verið mjög vel sóttar, talsvert á annað þúsund manns gerði sér ferð eingöngu til að skoða hverja þeirra, auk bókasafnsgesta.

Talsvert hefur borist af munum og myndum til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Þá má geta þess að mjög margir hafa komið til safnsins, til að lána því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Keflavík 25. janúar 1995,

---

Guðleifur Sigurjónsson.